

## Hjúskaparbreytingar

### 1. Tengiliður

1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Atvinna, lífskjör og mannfjöldi
1.3 Nafn tengiliðar	Guðný Hjaltadóttir
1.6 Netfang tengiliðar	gudny.hjaltadottir@hagstofa.is
1.7 Símanúmer tengiliðar	528 1044

### 2. Lýsigögn uppfærð

2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	12. október 2021
-----------------------------	------------------

### 3. Framsetning

## 3.1 Lýsing á gögnum

Hagstofa Íslands birtir árlega hagtölur um hjónavígslur og hjúskaparslit. Hjónavígslur eru taldar ef að minnsta kosti annar aðili hjónabands var með lögheimili á Íslandi fyrir giftingu. Stofnun staðfestrar samvistar (hjúskapur tveggja einstaklinga af sama kyni) var heimiluð samkvæmt lögum nr. 87/1996 og er talin með hliðstæðum hætti og hjónavígslur. Með sama hætti teljast hjónaskilnaðir ef að minnsta kosti annar aðilinn hafði lögheimili á Íslandi eftir skilnað. Það sama gildir fyrir skilnaði að borði og sæng. Lok hjúskapar vegna andláts er talinn ef að minnsta kosti annar aðilinn hafði lögheimili á Íslandi við andlát..

Eftirtalin atriði koma fram í útgefnu efni:

- Hjónavígslur eftir vígslumáta
- Aldursbundin giftingartíðni eftir fyrri hjúskaparstétt
- Hjúskaparslit og skilnaðir að borði og sæng
- Lögskilnaðir eftir aldri hjóna
- Aldursbundin tíðni lögskilnaða

## 3.2 Flokkunarkerfi

## 3.3 Umfang efnis - þekja

Upplýsingarnar ná utan um breytingar á hjúskap þar sem annar aðilinn eða báðir áttu lögheimili á Íslandi. Tölurnar ná aftur til ársins 1951. .

<p><b>3.4 Hagskýrslugerðar-hugtök og skilgreiningar</b></p>	<p><b>Hjónavígslutíðni:</b> Reiknast sem fjöldi hjónavígslna á 1.000 íbúa miðað við miðársmannfjölda hvert ár.</p> <p><b>Tíðni lögskilnaða:</b> Reiknast annars vegar sem fjöldi lögskilnaða á 1.000 íbúa miðað við miðársmannfjölda og hins vegar sem fjöldi lögskilnaða á 1.000 hjón miðað við miðársmannfjölda.</p> <p><b>Vígslumáti:</b> Getur verið annaðhvort kirkjulegur eða borgaralegur. Með kirkjulegum vígslumáta er átt við allar hjónavígslur sem gerðar eru af prestum þjóðkirkjunnar eða forstöðumönnum trúfélaga.</p> <p><b>Hjúskaparstétt:</b> Hjúskaparstétt samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár er sundurliðuð í eftirfarandi flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• ógift/ókvæntur,</li> <li>• gift/kvæntur eða staðfest samvist,</li> <li>• ekkil/ekkja,</li> <li>• skilin/n að borði og sæng,</li> <li>• skilin/n að lögum,</li> <li>• hjón ekki samvistum,</li> <li>• hjúskaparstaða óupplýst.</li> </ul> <p>Auk þessa greinir íbúaskrá Þjóðskrár nokkrar tegundir hjúskaparstéttar, sem Hagstofan flokkar með flokknum gift/kvæntur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Íslendingur í hjúskap með útlendingi sem nýtur úrlendisréttar og verður því ekki skráður,</li> <li>• Íslendingur með lögheimili erlendis í hjúskap með útlendingi sem ekki er á skrá,</li> <li>• Íslendingur með lögheimili á Íslandi í hjúskap með útlendingi sem ekki er á skrá.</li> </ul> <p>Fólk sem skilið er að borði og sæng, eða hjón ekki samvistum telst vera enn í hjúskap.</p>
<p><b>3.5 Hagskýrslueining</b></p>	<p>Hagskýrslueiningar eru annars vegar einstaklingar og hins vegar atburður hjúskaparbreytingar (hjónavígslur, lok hjúskapar, skilnaðir að borði og sæng, lögskilnaðir).</p>
<p><b>3.6 Þýði</b></p>	<p>Tölunum er ætlað að fjalla um hjúskaparstöðu og hjúskaparbreytingar þeirra sem hafa lögheimili á Íslandi.</p>
<p><b>3.7 Svæði</b></p>	<p>Ísland</p>
<p><b>3.8 Tímabil</b></p>	<p>1951-2020</p>
<p><b>3.9 Grunntímabil</b></p>	<p>Á ekki við</p>

## 4. Mælieining

**4. Mælieining** Fjöldi giftinga og skilnaða (talningar).

## 5. Viðmiðunartími

**5. Viðmiðunartími** Almanaksárið.

## 6. Umboð

**6.1 Lög og reglugerðir** Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007.  
Hjúskaparlög nr. 31/1993.  
Lög um staðfesta samvist nr. 87/1996.  
Lög um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962.  
Lög um lögheimili nr. 21/1990.

## 7. Trúnaðarkvaðir

**7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna** Sjá [reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna](#).

**7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna** Sjá lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og (EC) 577/98, greinar 10 til 13.

## 8. Reglur um birtingar

**8.1 Birtingaráætlun** Birtingar verða tilkynntar og settar á [birtingaráætlun](#) í samræmi við reglur Hagstofunnar um birtingar.

**8.2 Aðgengi að birtingaráætlun** [Birtingaráætlun](#) er aðgengileg á vef Hagstofunnar.

<b>8.3 Aðgengi fyrir notendur</b>	Tölurnar eru aðgengilegar notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands undir fyrirsögninni „ <a href="#">Fjölskyldan</a> “.
<b>9. Tíðni birtinga</b>	
<b>9. Tíðni birtinga</b>	Árlega.
<b>10. Aðgengileiki og skýrleiki</b>	
<b>10.1 Fréttatilkynningar</b>	Fréttatilkynningar um giftingar og skilnaði koma að jafnaði samhliða birtingum en eigi síður en júní ár hvert með upplýsingum um hjúskaparbreytingar næstliðins árs.
<b>10.2 Útgáfur</b>	Vinnslutíminn er sex mánuðir eða frá áramótum og fram til júnímánaðar.
<b>10.3 Gagnasöfn á netinu</b>	Talnaefni má finna í px-töflum á vef Hagstofunnar undir efnisflokknum Íbúar > Fjölskyldan
<b>10.4 Aðgengi að örgögnum</b>	Hægt er að <a href="#">sækja um aðgang að örgögnum</a> til vísindarannsóknna frá Hagstofu Íslands í gegnum Rannsóknarþjónustu Hagstofunnar.
<b>10.5 Annað</b>	Gögn geymd á tölvutæku formi hjá Mannfjölda- og manntalsdeild Hagstofu Íslands. Ekki er veittur aðgangur að einstaklingsbundnum gögnum en unnt er að fá sérvinnslur úr þeim gegn greiðslu.
<b>10.6 Skjöl um aðferðafræði</b>	
<b>10.7 Skjöl um gæðamál</b>	
<b>11. Gæðastjórnun</b>	
<b>11.1 Trygging gæða</b>	Sjá <a href="#">meginreglur í hagskýrslugerð</a> .

## 11.2 Gæðamat

## 12. Notagildi

**12.1 Þarfir notenda** Helstu notendur eru sveitastjórnir, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar.

**12.2 Ánægja notenda** Engar mælingar hafa verið gerðar á ánægju notenda með talnefnið.

**12.3 Heildstæðni** Hagstofan miðlar lykiltölum um hjúskaparbreytingar í samræmi við flokkun Eurostat á talnaefninu.

## 13. Nákvæmni og áreiðanleiki

**13.1 Nákvæmni** Gögnin byggja á skráningu hjúskaparstöðu einstaklinga úr skrá og eru því eins nákvæmar og ætla mætti út frá lagalegri hjúskaparstöðu. Tölurnar ná ekki utan um sambúðarform sem ekki eru skilgreind samkvæmt lögum eða þau tilvik þar sem raunverulegt sambúðarform er í ósamræmi við lagalegt form hjúskaparstöðu.

**13.2 Úrtaksvillur** Um er að ræða heildartalningar úr skrá og því ekki um úrtaksvillur að ræða.

**13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)** Úrvinnsluvilla er möguleg þegar um er að ræða vinnslu hagtalna. Engar mælingar eða mat hefur verið gert á umfangi eða eðli slíkrar villu í þessum gögnum. Reynt er að draga úr áhrifum hennar með því að halda skipulega utan um allar skipanaskrár og breytingar á þeim, yfirlestur á kóða og sannprófunum á niðurstöðum vinnsluferla.

## 14. Tímanleiki og stundvísi

**14.1 Tímanleiki** Fyrirhugað er að birta tölur um hjúskaparstöðu í september hvert ár, eða 9 mánuðum eftir lok viðmiðunartímabils talnanna.

**14.2 Stundvísi** Birtingar á nýjum tölum verða skráðar á birtingaráætlun Hagstofunnar. Lögð verður áhersla á að fylgja birtingaráætluninni þannig að ekki þurfi að fresta birtingum.

## 15. Samræmi og samanburðarhæfni

<p><b>15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg</b></p>	<p>Talnaefni Hagstofu Íslands um hjúskaparbreytingar er ætlað að vera samanburðarhæft við sömu tölur frá öðrum löndum innan evrópska hagskýrslusamstarfsins. Í þeim tölum er ávallt miðað við lagalega hjúskaparstöðu miðað við löggjöf hvers lands fyrir sig. Talnaefni Eurostat um hjúskap: <a href="https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/demo_nind/default/table?lang=en">https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/demo_nind/default/table?lang=en</a> Talnaefni Eurostat um skilnaði: <a href="https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/demo_ndivind/default/table?lang=en">https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/demo_ndivind/default/table?lang=en</a></p>
<p><b>15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma</b></p>	<p>Reynt er eftir fremsta megni að gæta að samanburðarhæfni talnaefnis yfir tíma. Á grunni þess að alltaf er miðað við lögformlega hjúskaparstöðu eru tölurnar samanburðarhæfar yfir tíma. Hins vegar er mögulegt að gæði annarra upplýsinga (á borð við aldur, upplýsingar um búsetu) séu mismunandi yfir tíma. Til dæmis eru tölur frá því fyrir 1952 byggðar á árlegum manntölum presta, en eftir tilkomu Þjóðskrár árið 1952 byggja upplýsingar eftir þann tíma á tilkynningum sem henni berast. Að sama skapi hafa orðið breytingar á hjúskaparlögum yfir tímabil talnaefnisins. Þannig var fram til 1990 óheimilt að skrá hjónaleysi í óvígða sambúð nema þau ættu saman barn eða börn. Hjúskapur fólks af sama kyni var leyfður 1996 og sambúð þeirra leyfð 2006. Frá og með árinu 2011 var tekin upp ný aðferð við talningar á giftingum og skilnuðum. Sú aðferð er ekki fyllilega í samræmi við hvernig sömu tölur voru áður unnar og má því búast við lítilsháttar misræmi milli eldri tímaraðar og talna frá 2011.</p>
<p><b>15.3 Samræmi – milli efnissviða</b></p>	<p>Sömu skilgreiningum er beitt um aldur, kyn og hjúskaparstöðu eins og í öðrum hagtölum sem unnar eru á félagsmálasviði Hagstofunnar.</p>
<p><b>15.4 Samræmi – innan efnissviðs</b></p>	<p>Fulls samræmis er gætt í tölum um hjúskaparbreytingar og öðrum mannfjöldatölum sem Hagstofa Íslands birtir. Mikils samræmis gætir enn fremur í talnaefni sem er birt af Þjóðskrá Íslands og þeim tölum sem Hagstofan birtir um hjúskaparbreytingar.</p>
<p><b>16. Kostnaður og svarbyrði</b></p>	
<p><b>16. Kostnaður og svarbyrði</b></p>	<p>Gögn eru unnin beint upp úr breytingaskrá Þjóðskrár og íbúaskrá þannig að svarbyrði er engin og kostnaður við öflun gagna minniháttar.</p>
<p><b>17. Endurskoðun hagtalna</b></p>	
<p><b>17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna</b></p>	<p>Sjá <a href="#">stefnu</a> Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna.</p>

17.2 Endurskoðun  
hagtalna - framkvæmd

## 18. Úrvinnsla hagskýrslna

<b>18.1 Grunn gögn</b>	Breytingaskrá Þjóðskrár en í hana eru meðal annars skráðar upplýsingar um sambúð, sambúðarslit, hjónavígslur (þar með talið staðfesta samvist) og skilnaði. Upplýsingar grundvallast á hjónavígsluskýrslum og gögnum um skilnaði og sambúðarslit sem berast til Þjóðskrár.
<b>18.2 Tíðni gagnasöfnunar</b>	Þjóðskrá miðlar daglega upplýsingum úr breytingaskrá til Hagstofu Íslands.
<b>18.3 Gagnasöfnun</b>	Engin sérstök gagnasöfnun er stunduð við gerð talna um hjúskaparbreytingar.
<b>18.4 Sannprófun</b>	Sannprófun gagna er innbyggð í úrvinnsluferli talnanna. Meðal þess sem er skoðað eru breytingar frá ári til árs, hvort um sé að ræða gildi í gagnasafninu sem eiga ekki að vera þar samkvæmt breytulýsingum og samanburður við aðrar heimildir.
<b>18.5 Gagnavinnsla</b>	Öll gagnavinnsla fer fram í R skipanaskrá þar sem gögn eru lesin úr breytingaskrá, þau flokkuð og tengd við upplýsingar úr íbúaskrá þjóðskrár, sannprófuð og loks lesin inn í töflur fyrir birtingu á vef Hagstofunnar.
<b>18.6 Aðlögun</b>	Engin sérstök aðlögun er gerð á gögnunum þar sem ætlast er til þess að hjúskaparskráning samkvæmt lögum hvers lands sé notuð til grundvallar tölunum. Þess vegna er ónauðsynlegt að aðlaga gögn að hagskýrsluhugtökum.

## 19. Athugasemdir

19. Athugasemdir